

Umsögn frá Félagi heyrnarlausra



Reykjavík, 11.nóvember 2014.

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 256.mál.

Félag heyrnarlausra hefur ástæðu til að senda hér umsögn vegna frumvarps til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Lög nr. 61/2011 um íslenska tungu og íslenskt táknmál voru samþykkt á Alþingi 27.maí 2011. Þrátt fyrir að um sé að ræða nýja stofnun sem meðal annarra á að þjóna heyrnarlausum og heyrnarskertum er hvergi í frumvarpinu minnst á íslenska táknmálið og rétt þeirra sem reiða sig á íslenska táknmálið og höfum við því áhyggjur af frumvarpinu í heild.

Réttur döff (heyrnarlausra) til táknmálstúlkajónustu er forsenda þátttöku í þjóðfélaginu og í mörgum tilvikum grundvöllur þess að döff geti borið þær skyldur sem lög og reglur kveða á um. Á undanförmum árum hefur þessi réttur verið að skýrast sérstaklega hvað varðar skyldur stofnana ríkis og sveitarfélaga til að veita þeim sem þurfa þjónustu á íslensku táknmáli sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Til þess að táknmálsnotandi öðlist nógu góða færni í táknmáli til að vera fær um að nýta sér táknmálstúlkajónustu er nauðsynlegt að hann hafi fengið eðlilega máltöku og alist upp við uppbyggilegt málumhverfi. Einstaklingur sem er fær um að eiga samskipti á táknmáli þarf eingöngu á táknmálstúlki að halda til þess að hafa samskipti við aðra (heyrandi) og þannig að nýta sér þá þjónustu sem stendur öðrum Íslendingum til boða.

Á Íslandi eru í dag engar verklagsreglur eða lög um snemmtæka íhlutun vegna máltöku barna með heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Rannsóknir sýna hins vegar fram á mikilvægi þess að þegar börn greinast með heyrnarleysi eða heyrnarskerðingu sé þeim boðið upp á snemmtæka íhlutun sem sérstaklega miðar að þörfum þessa hóps. Mennta þarf sérfræðinga í slíkum aðferðum og kalla til fagfólk með þekkingu á táknmáli, heyrnarleysi og máltöku vegna tvítýngis á íslensku táknmáli og íslensku radd- eða ritmáli. Í lögum um nýja stofnun þarf að tryggja að börn með heyrnarleysi og heyrnarskerðingu fái snemmtæka íhlutun og þjálfun og að foreldrar þeirra og fagfólk hafi aðgang að ráðgjöf og námskeiðum. Þjónusta við þennan hóp þarf að vera að sama marki og nú er veitt fyrir börn sem eru blind og sjónskert á Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Með snemmtækri íhlutun þar sem þekking er á heyrnarleysi, táknmáli og menningarsamfélagi heyrnarlausra má koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar, meðal annars á sviði málþroska og félagslegrar færni.

Í frumvarpinu er stuðst við skilgreiningar á heyrnarleysi og heyrnarskerðingu samkvæmt WHO, skilgreiningarnar þurfa að vera víðari og hafa verður í huga að hluti af þeim sem eru heyrnarskertir skv. skilgreiningu WHO reiða sig á íslenskt tákniál í daglegu lífi.

Í frumvarpinu kemur fram að auka eigi umfang þjónustu með því að veita 18 ára og eldri þjónustu, Félag heyrnarlausra hefur áhyggjur af að þetta komi niður á 18 ára og yngri þar sem samtímis er verið að tala um hagræðingu og sparnað. Nú í dag er engin þjónusta til fyrir stóran hóp fullorðinna heyrnarlausra og þeirra sem eru líka með viðbótarfötlun. Samfélagið hefur viðurkennt að geta ekki mætt þörfum þessa hóps til dæmis í félags- og heilbrigðisþjónustu. Félag heyrnarlausra gerði skýrslu um heyrnarlausu með viðbótarfötlun árið 2008 og í henni má finna tillögur að úrbótum sem var kynnt Velferðarráðuneytinu. Verkefnastjórn á vegum Velferðarráðuneytisins um málefni heyrnarlausra, heyrnarskertra og fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu hefur unnið hart að því að fá viðurkenningu á skýrslunni en ekkert gengið. Heilbrigðis- og félagskerfið hafa viðurkennt það að þau hafi ekki á þekkingu til að veita þessum einstaklingum þjónustu. Þegar lög taka gildi um nýja þjónustustofnun sem virðist ljóst að eigi að þjóna þessum hópi er því mikilvægt að hefja menntun og þjálfun á fagfólki til að geta veitt þessum hóp þjónustu við hæfi.

Fyrir hönd Félags heyrnarlausra

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

Formaður Félags heyrnarlausra

heiddis@deaf.is